

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um tæknifrjógvanir og ófrjósemisaðgerðir.

1. Hvað tóku Sjúkratryggingar Íslands þátt í kostnaði við margar tæknifrjógvanir sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018 á árunum 2019–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum og endurgreiðsluhlutfalli Sjúkratrygginga.

Tæknifrjógvan Sundurliðaður fjöldi	2019	2020	2021	2022	Alls	Endurgreiðslu- hlutfall
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Fyrsta meðferð	199	233	314	280	1.026	5%
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Önnur til fjórða meðferð	174	221	264	289	948	65%
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Fyrsta meðferð eftir lyfjameðferð	4	3	0	2	9	65%
Alls	377	457	578	571	1983	

2. Hver var kostnaður hins opinbera við tæknifrjógvanir sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018 á árunum 2019–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Tæknifrjógvan Kostnaður Sjúkratrygginga	2019	2020	2021	2022	Alls
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Fyrsta meðferð	4.776.000	5.592.000	7.536.000	6.720.000	24.624.000
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Önnur til fjórða meðferð	45.900.144	68.952.000	82.368.000	90.168.000	287.388.144
Glasafrjógvan (ICSI/IVF) Fyrsta meðferð eftir lyfjameðferð	1.248.000	936.000	–	624.000	2.808.000
Annað (a–d-liður 3. tölul. 3. gr. reglugerðar)	3.600.625	1.287.549	1.453.396	1.487.196	7.828.766
Alls	55.524.769	76.767.549	91.357.396	98.999.196	322.648.910

3. Hver var kostnaður hins sjúkratryggða við tæknifrjóvganir sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018 á árunum 2019–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Kostnaður einstaklinga í eftirfarandi töflu miðast við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 1241/2018, fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um. Ljóst er að kostnaður einstaklinga er hærri þar sem gjaldskrá Livio hefur hækkað umfram fyrrgreinda gjaldskrá.

Tæknifrjóvgun Kostnaður sjúkratryggðra	2019	2020	2021	2022	Alls
Glasafrjóvgun (ICSI/IVF)					
Fyrsta meðferð	90.744.000	106.248.000	143.184.000	127.680.000	467.856.000
Glasafrjóvgun (ICSI/IVF)					
Önnur til fjórða meðferð	24.715.462	37.128.000	44.352.000	48.552.000	154.747.462
Glasafrjóvgun (ICSI/IVF)					
Fyrsta meðferð eftir lyfjameðferð	672.000	504.000	–	336.000	1.512.000
Annað (a–d-liður 3. tölul. 3. gr. reglugerðar)	1.938.798	–	–	–	1.938.798
Alls	118.070.260	143.880.000	187.536.000	176.568.000	626.054.260

4. Hversu margar ófrjósemisaðgerðir sem falla undir lög nr. 35/2019 voru framkvæmdar á Íslandi á árunum 2019–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum, kyni sjúklinga og tegund aðgerðar.

Embætti landlæknis hefur ekki upplýsingar um fjölda ófrjósemisaðgerða eftir árið 2018. Fyrir gildistöku laga nr. 35/2019 byggðu gögn landlæknis um ófrjósemisaðgerðir á skráðum upplýsingum á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem embætti landlæknis fékk send frá heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum sem framkvæmdu slíkar aðgerðir. Eftir gildistöku hinna nýju laga var útgáfu umsóknareyðublaðanna um ófrjósemisaðgerðir hætt, enda markmið laganna m.a. að tryggja einstaklingum sjálfsforræði til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð. Þá er í hinum nýju lögum ekki kveðið á um að landlæknir skuli halda sérstaka skrá um ófrjósemisaðgerðir eins og áður var. Í stað þess að halda sérstaka ópersónugreinanlega skrá um ófrjósemisaðgerðir var ákveðið að byggja upplýsingar um þessa tegund heilbrigðisþjónustu á skráðum sjúkdómsgreiningum og aðgerðarkóðum úr sjúkraskrákerfum sem berast í heilbrigðisskrár sem embætti landlæknis heldur, sbr. 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu.

Flestar ófrjósemisaðgerðir eru gerðar á stofum sjálfstætt starfandi lækna og eiga skráningar um slíkar aðgerðir því að mestu að vera í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðilækna, sbr. 8. tölul. 2. mgr. fyrrgreinds ákvæðis. Hins vegar hefur embættið ekki kallað eftir upplýsingum sérfræðilækna í skrána í nokkur ár þar sem fram kemur í álit Persónuverndar í máli nr. 2020010064 að þörf sé á skýrari ákvæðum í settum lögum um heilbrigðisskrár.

Innan ráðuneytisins er unnið að endurskoðun á ákvæðum laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, um heilbrigðisskrár landlæknis, m.a. til að taka af allan vafa um heimildir til gagnaöflunar. Stefnt er á að leggja fram frumvarp um þær breytingar á 154. löggjafarþingi 2023–2024.

5. *Hver var kostnaður hins opinbera við ófrjósemisaðgerðir sem falla undir lög nr. 35/2019 á árunum 2019–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum, kyni sjúklinga og tegund aðgerðar.*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað hins opinbera við ófrjósemisaðgerðir sem falla undir lög nr. 35/2019 á árunum 2019–2022. Embætti landlæknis hefur ekki upplýsingar um fjölda ófrjósemisaðgerða eftir árið 2018, sjá svar við 4. tölul. fyrirspurnar.